

58. fundur

Hafnarstjórn Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 13. janúar 2009 kl. 18.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Símon Már Sturluson, formaður, Erla Friðriksdóttir, hafnarstjóri, Kristinn Ó. Jónsson og Sigrún E. Svavarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Formaður skýrði frá fundi með safna- og menningarmálanefnd v/100 ára afmælis hafskipabryggju þann 18. júlí nk.
Samþykkt að Símon Már Sturluson verði fulltrúi hafnarstjórnar í afmælisnefnd.
2. Formaður kynnir efni bréf dags. 13. október 2008 frá Alberti Páli Sigurðssyni, varðandi geymsluskápa á hafnarsvæði.
Þar sem deiliskipulag hafnarinnar liggur ekki fyrir er erindinu hafnað.
3. Formaður fór yfir fjárhag hafnarinnar 2008 og var hann jákvæðari en áætlanir gerðu fyrir.
4. Önnur mál.

Formaður sagði frá fundi með Landlínunum varðandi deiliskipulag hafnarinnar.

Formaður gerir grein fyrir fundum með fjárlaganefnd, Siglingastofnun og samgönguráðuneyti vegna ferjuaðkomu og fjármögnunar nýframkvæmda.

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 19.00.

Símon Sturluson (sign.),
Kristinn Ó. Jónsson (sign.),
Erla Friðriksdóttir (sign.),
Sigrún E. Svavarsdóttir (sign.).